



252. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 6. apríl 2017 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson, Örn Andrésson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Hafsteinn Pálsson, Gunnlaugur Júlíusson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, , Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðaði: Ingi Þór Ágústsson.

Þetta gerðist:

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi kom inn á fundinn ásamt Steinunni Önnu Í. Tómasdóttur gjaldkera.

1. Ársreikningur ÍSÍ 2016

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir ársreikning ÍSÍ fyrir árið 2016 og samanburð við fjárhagsáætlun. Einnig var farið í gegnum sundurliðanir og skýringar með ársreikningi.

Ársreikningurinn samþykktur af hálfu stjórnar.

Gunnar lagði fram og fór yfir fjárhagsáætlun ÍSÍ fyrir árin 2017 og 2018 sem lagðar verða fyrir 73. Íþróttaping ÍSÍ í byrjun maí. Samþykkt að leggja fjárhagsáætlanirnar fram með lítilsháttar breytingu á uppsetningu.

2. Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2016

Tryggvi E. Geirsson kynnti skýrslu endurskoðenda vegna ársins 2016. Engar stórvægilegar athugasemdir koma fram í skýrslunni og lýsti Tryggvi yfir ánægju sinni með rekstur ÍSÍ.

Forseti þakkaði Tryggva greinargóða skýrslu og góð störf.

3. Ólympísk málefni

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir það helsta varðandi ólympíska viðburði sem framundan eru.

Smáþjóðaleikar 2017

Gert er ráð fyrir ríflega 200 manna hópi þátttakenda frá Íslandi á leikunum í sumar. Undirbúningur gengur vel.

EYOF 2017 í Györ, Ungverjalandi

Þátttakendur frá Íslandi verða 54 talsins. Undirbúningur gengur vel. Fundur aðalfararstjóra verður haldinn í Györ í lok aprílmánaðar. Garðar Svansson aðalfararstjóri og Örvar Ólafsson aðstoðarfararstjóri sækja fundinn.

PyeongChang 2018

Undirbúningur gengur vel.

Örn skýrði frá því að Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ hefur haldið tvo fundi með sambandsaðilum ÍSÍ frá því að vinnuhópur ÍSÍ um endurskoðun á úthlutunarreglum Afrekssjóðs ÍSÍ kynnti niðurstöður sínar. Góð þátttaka var á fundunum og almenn ánægja með að fá tækifæri til að ræða þessi mál og koma á framfæri ábendingum varðandi niðurstöður vinnuhópsins.

Örn greindi frá breytingum á styrkjakerfi Ólympíusamhjalparinnar og breyttum áherslum.

4. Fagsvið ÍSÍ

Hafsteinn Pálsson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ greindi frá því að Isavia óskaði eftir því að fá að nota Lífshlaupsvefinn til að efla lýðheilsu innan fyrirtækisins. Isavia mun greiða fyrir þær breytingar sem gera þarf á vefnum til að hægt sé að nýta hann fyrir þeirra starfsfólk og verkefni.

Hjólað í vinnuna hefst 3. maí næstkomandi og stendur til 23. maí.

Undirbúningur fyrir Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ gengur vel en hlaupið fer fram 18. júní nk.

Hafsteinn skýrði frá ráðstefnunni „*Aldrei of seint – heilsuefling eldri borgara*“, sem fram fór í Ráðhúsi Reykjavíkur 16. mars sl. Ráðstefnan var samstarfsverkefni ÍSÍ, Öldrunarráðs Íslands, Landsambands eldri borgara, Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni og Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra. Húsfyllir var á ráðstefnunni og góður rómur gerður að henni. Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, ávarpaði ráðstefnuna.

Jón Finnbogason úr Þróunar- og fræðslusviði ÍSÍ greindi frá vel heppnaðri ráðstefnu í samstarfi ÍSÍ og Háskóla Íslands, sem haldin var í Öskju í HÍ 24. mars sl. undir heitinu „*Rekstur íþróttafélaga – Ekkert mál?*“. Markmið ráðstefnunnar var að efla samstarf háskólasamfélagsins og þeirra aðila sem koma að starfi íþróttafélaga og fá fram umræðu um ýmis málefni og álitamál sem varða stjórnun og rekstur þeirra. Uppselt var á ráðstefnuna og fjölmargir fylgdust með útsendingu frá henni á netinu.

5. Íþróttaping ÍSÍ 2017

Farið yfir tillögur sem framkvæmdastjórn hyggst leggja fyrir 73. Íþróttaping ÍSÍ. Skilafrestur sambandsaðila til að senda inn tillögur fyrir þing rennur út á morgun, 7. apríl. Skilafrestur framboða til forseta og framkvæmdastjórnar ÍSÍ rennur út 14. apríl. Þann 21. apríl verður síðara fundarboð sent út ásamt tillögum og fyrirkomulagi þings. Í samræmi við grein 11.3 í lögum ÍSÍ þá verður reynt að hafa þingið sem mest umhverfisvænt og verða því þinggögn einungis birt á vefsíðu ÍSÍ en þó mun hver sambandsaðili fá sent eitt útprentað sett af gögnum.

6. Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Örn Andrésón skýrði frá stöðu mála. Verkefnastjóri Felix hefur á undanförunum vikum verið að kenna á kerfið um land allt. Fyrstu vikunnar sem kerfið var keyrt komu upp hnökrar sem nú hafa verið lagfærðir. Þegar svona viðamikið kerfi er tekið í notkun má alltaf búast við einhverjum óvæntum þáttum við innleiðingu en reynt er að leysa málin eins fljótt og kostur er.

7. Heimsókn til UMSK

Forseti skýrði frá heimsókn á starfssvæði Ungmennasambands Kjalarnesþings 29. mars sl. Fundað var með fulltrúum stjórnar UMSK, fulltrúum íþrótt- og ungmennafélaga innan UMSK og íþróttafulltrúum sveitarfélaganna á starfssvæði UMSK. Fundurinn fór fram í

stórglæsilegri íþróttamiðstöð Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar. Mikil og blómleg starfsemi er í félögum innan vébanda UMSK. Sveitarfélögin á svæði UMSK eiga hrós skilið fyrir glæsilega uppbyggingu íþróttamannvirkja og góðan stuðning við íþróttastarf. Að lokinni dagskrá var íþróttamiðstöðin skoðuð.

8. Heiðranir

Árspaning UÍA:

Silfurmerki ÍSÍ - Benedikt Jóhannsson fráfarandi formaður Umf. Austrá á Eskifirði. Benedikt gegndi starfi formanns félagsins í áratugi. Hann hefur einnig setið í stjórn UÍA og í stjórn Knattspyrnufélags Fjarðabyggðar. Hafsteinn Pálsson afhenti merkið á árspaningi UÍA 2. apríl síðastliðinn.

Árspaning TKÍ:

Silfurmerki ÍSÍ – Haukur Skúlason fráfarandi formaður Taekwondosambands Íslands. Framkvæmdastjóri afhenti merkið á árspaningi sambandsins 22. mars síðastliðinn.

9. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 251. fundur framkvæmdastjórnar
- 6. og 7. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2017
- Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ 17. mars og 30. mars 2017
- **Ísland hefur fengið úthlutað boðssætum á Ólympíuleikum ungmenna í Buenos Aires 2018, fyrir pilt og stúlku í golfi, pilt í fimleikum og stúlku í frjálsíþróttum. Samþykkt samhljóða að þiggja þessi boðssæti.**
- **Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ gerir tillögu um að Dominiqua Alma Belány verði í hlutverki Young Ambassador á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Györ, Ungverjalandi í sumar. Samþykkt samhljóða.**
- **Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ gerir tillögu um að Ragna Ingólfssdóttir verkefnastjóri verði í fararstjórategymi ÍSÍ á Smáþjóðaleikunum 2017 í ljósi þess að íslenski hópurinn verður hýstur á mörgum stöðum í San Marínó. Samþykkt samhljóða.**
- Fundur Þróunar- og fræðslusviðs
- Fundur Afrekssjóðs ÍSÍ 16. mars 2017
- Fundur Heiðursráðs frá 13. mars 2017
- Heiðursráð leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að gera eftirfarandi breytingu á 3. grein Reglugerðar ÍSÍ um Heiðurshöll ÍSÍ:
Var:
„Framkvæmdastjórn ÍSÍ útnefni að hámarki einn einstakling við afhendingu viðurkenningar til Íþróttamanns ársins hverju sinni og allt að tvo fyrir hvert Íþróttaping.“
Verður:
„Framkvæmdastjórn ÍSÍ útnefni allt að tvo einstaklinga við afhendingu viðurkenningar til Íþróttamanns ársins hverju sinni og allt að tvo fyrir hvert Íþróttaping.“

10. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður 27. apríl á hefðbundnum tíma.

12. Önnur mál

Hagræðing úrslita í íþróttum

Framkvæmdastjóri greindi frá því að nauðsynlegt væri að setja reglugerð um baráttu gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Lagt til að unnin verði reglugerð upp úr reglum Alþjóðaólympíunefndarinnar um þessi mál.

Skipan Bogfiminefndar ÍSÍ

Bogfiminefnd ÍSÍ hefur óskað eftir því að endurskipað verði í nefndina.

Samþykkt að skipa eftirfarandi einstaklinga í nefndina fram að næsta þingi:

-Margrét Einarsdóttir formaður

-Guðmundur Guðjónsson

-Ólafur Gíslason

-Haraldur Gústafsson

-Indriði R. Grétarsson

Ólympíufjölskylda ÍSÍ

Forseti ÍSÍ greindi frá því að samningar við fimm fyrirtæki sem munu mynda

Ólympíufjölskyldu ÍSÍ 2017-2020 verði undirritaðir í byrjun maí.

Fleira var ekki tekið fyrir

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.